



ÁRSSKÝRSLA 2023





SKÓGRÆKTARFÉLAG
EYFIRÐINGA

ÁRSSKÝRSLA 2023

Efnisyfirlit	Bls.	Umsjón	
Inngangur	3	Höfundar efnis	Alfa Jóhannsdóttir
Ávarp framkvæmdastjóra	4		Bergsveinn Þórsson
Ávarp formanns.....	5		Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir
Starfsfólk Skógræktarfélags Eyfirðinga	6		Ingólfur Jóhannsson
Aðalfundur 2023	7		Sigríður Hrefna Pálsdóttir
Félagsstarf	8		Sigurður Arnarson
Skógarafurðir og framkvæmdir	12	Ljósmyndir	Eyþór Ingi Jónsson
Almannaheillaskrá.....	17		Ingólfur Jóhannsson
Rekstrarreikningur 2023	19		Jonas E. Björk
Efnahagsreikningur.....	20		Sigríður Hrefna Pálsdóttir
		Prófarkalestur	Pétur Halldórsson
		Hönnun & umbrot	Guðrún Hilmisdóttir
		Prentun	Prentsmiðjan.is
			Gefið út vor 2024

Framkvæmdastjóri Ingólfur Jóhannsson | ingi@kjarnaskogur.is
Formaður Sigríður Hrefna Pálsdóttir | stjorn@kjarnaskogur.is



Inngangur

Skógræktarfélag Eyfirðinga var stofnað 11. maí 1930 og er elsta starfandi skógræktarfélag á landinu. Til stofnfundar boðaði Jón Rögnvaldsson, garðyrkjumaður frá Fífilgerði, og stofnfélagar voru tólf, tvær konur og tíu karlmenn. Félagið hefur vaxið og árið 2023 voru félagsmenn tæplega 400 talsins. Markmið félagsins eru ræktun skóga og verndun þeirra, útivist og náttúruskoðun, að hvetja til útiveru og hreyfingar í skóglendi, náttúruvernd, félagsstarf og fræðsla. Félagið hefur í umsjón sinni 11 skógarreiti sem það hefur átt frumkvæði að því að friða og gróðursetja í. Hver þeirra hefur sína sérstöðu og aðdráttarafl en flaggskipið er Kjarnaskógur við Akureyri og er hann mest sótti skógur félagsins. Aðrir reitir eru í stafrófsröð:

Í landi **Bjarkar** í Eyjafjarðarsveit á félagið um tveggja hektara spildu sem Skógræktarfélag Öngulsstaðahrepps kom á fót árið 1967.

Botnsreitir í Eyjafjarðarsveit er á landi í eigu Akureyrarbæjar. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón með reitnum frá því um 1951. Síðastliðin ár hefur Rótarýklúbbur Akureyrar haft yfirumsjón með svæðinu og lagt á sig talsverða vinnu við að hirða um svæðið.

Garðsárreitir við Þverárgil í Eyjafjarðarsveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón með reitnum frá friðun árið 1931. Þar hefur birki náð að sá sér úr gilinu og í hinn afgirta reit en einnig hefur bæjarstaðabirki ásamt fleiri tegundum verið gróðursett.

Háls og Saurbær í Eyjafjarðarsveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá árinu 1994. Þar eru meðal annars reitir sem félagsfólk hefur á leigu.

Hánefsstaðaskógur í Svarfaðardal. Skógræktarfélag

Eyfirðinga hefur haft umsjón frá 1946. Sá skógur hefur verið tengdur með göngubrú við Friðland Svarfdæla handan ár og myndar samfellda útivistarparadís.

Laugalandsskógur á Pelamörk í Hörgársveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá 1980. Þar hafa undanfarin ár verið seld jólatré sem fólk velur sjálft í skóginum.

Leyningshólar í Eyjafjarðarsveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá 1937. Þar tókst félaginu að bjarga skógarleifum á síðustu stundu og þar er nú einstakur skógur með trjám sem líklega eiga uppruna sinn í trjám sem þar uxu við landnám, auk ræktaðs skógar.

Melgerðismelar í Eyjafjarðarsveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá árinu 1990. Þar er nú 50 hektara landgræðsluskógur sem setur mikinn svip á landið.

Miðhálsstaðaskógur í Hörgársveit. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá 1951. Þar er hinn fegursti skógur með digrum trjám af ýmsum tegundum.

Vaðlaskógur í Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppi. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft umsjón frá 1936. Þar var land fengið til skógræktar svo Akureyringar og nærsveitamenn þyrftu ekki að ferðast yfir heiðina til að komast í skóg. Gagnir hann því hlutverki enn þótt að honum sé sótt.

Allir eru skógarreitir félagsins opnir öllum almenningi til að njóta þar útivistar í fögru umhverfi. Um þá flesta liggja göngustígar en þeir eru misjafnlega erfiðir yfirferðar.

Hægt er að lesa nánar um skógarreitina á vefsíðu félagsins kjarnaskogur.is.



Ávarp framkvæmdastjóra

— Ingólfur Jóhannsson | ingi@kjarnaskogur.is

Skógræktarfélag Eyfirðinga er elsta starfandi skógræktarfélag landsins og var stofnað árið 1930. Verkefni nýliðins starfsárs voru margvísleg en að vanda snerust mörg þeirra um viðhald og nýframkvæmdir í Kjarnaskógi sem orðinn er vörumerki okkar og fyrirmynd annarra útivistarsvæða. Hvert sem litið er blasa þó verkefnin við. Tíu aðrir skógarreitir á Eyjafjarðarsvæðinu eru í umsjá félagsins og erum við í margvíslegu samstarfi við sveitarfélög á starfsvæðinu um til dæmis brunavarnir, skipulagsmál og fleira, en til okkar er leitað með hin ýmsu samfélagsmál.

Mannauður er mikilsverður og þar erum við sannarlega rík að hæfu, reynslumiklu starfsfólki og afar samhentri stjórn sem kemur ýmsu í verk þegar hún setur undir sig höfuðið. Þá leggja fjölmargir úr hópi almennra félagsmanna starfinu lið. Til dæmis vann fyrrverandi formaður félagsins með okkur lungann úr sumri við girðingarsmiðar og almenn störf án þess að þiggja nokkur laun önnur en ánægjuna og stöku kaffibolla. Fleiri göfug dæmi eru um slíkt.

Fastráðnir starfsmenn voru þrír á síðasta ári, lausráðið starfsfólk fyllti fjórða stöðugildið auk ungmenna í sumarvinnu hjá Vinnuskóla Akureyrarbæjar sem eru okkur verðmætur starfskraftur. Alltaf er þó þörf fyrir fleiri vinnandi hendur og vonandi ekki langt í að við náum því markmiði að bæta við fastráðnum starfskrafti hjá félaginu.

Til að svo megi verða þarf að nýta afurðir skóganna. Í ársbyrjun tókum við í gagnið stórviðarsög í nýreistri tjaldskemmu sem auk þess að hýsa viðarvinnslu nýttist í jólatrjáasölu, samsetningu leiktækja, hýsir snjótroðara og gegnir mörgum öðrum hlutverkum. Timbur er verðmæt skógarauðlind og uppbygging aðstöðunnar mun klárlega styðja við rekstur félagsins um ókomin ár.

Önnur afar verðmæt skógarauðlind er einfaldlega yndi, útivist og lýðheilsa, nokkuð sem öll nútímasveitarfélög vilja geta merkt við í sínum kladda. Skógarnir sem frumherjar okkar gróðursettu veita verðmætt skjól. Hvernig sem

almennt viðrar á Eyjafjarðarsvæðinu er alltaf hægt að ábyrgjast besta veðrið í skóginum. Þangað leitar fólk mikið og þessa auðlind þarf að rækta, til dæmis með góðu skipulagi og hönnun, viðhaldi á stígum og öðrum mannvirkjum skóganna, merkingum og upplýsingagjöf, svo dæmi séu tekin.

Í ársbyrjun 2023 fengum við afhentan nýjan snjótroðara sem félagið safnaði fyrir með þátttöku alls nærsamfélagsins. Fyrir utan það hvað hann er fallegur er hann eitt af lykiltækjum okkar til að rækta lýðheilsuauðlindina og gerir okkur til dæmis kleift að halda úti útivistaraðstöðu í skógarskjóli vetrarlangt þegar vályndust eru veður.

Fyrrgreind verkefni eru mikilvæg fyrir starfsemi okkar, vekja athygli og vilja samfélags til að standa við bakið á okkur.

Ósýnilegu störfín og rútínán eru þó enn mikilvægari. Til dæmis þarf að þrifa almenningsklósett séu þau til staðar, slá grasflatir, tína greinar og halda umhverfi mannvirkja snyrtilegu, gróðursetja skóga framtíðar og hirða skóga forgöngufólks okkar. Nútímaskógræktarfélag þarf líka að sinna skógræðslu, vera sýnilegt á Facebook, Instagram o.s.frv. Til okkar leitar líka fólk með alls kyns gróðurtenngd mál sem við ýmist leysum á staðnum eða vísnum áfram til þar til bærra aðila. Starfsfólk og stjórn SE reynir að sjálfsögðu að leysa allra vanda með vöxt og viðgang skóga að leiðarljósi.

Árið 1936 gróðursetti Skógræktarfélag Eyfirðinga sín fyrstu tré í Vaðlaskóg, gegnt Akureyri. Árni Jóhannsson, þáverandi formaður, ritaði grein árið 1940 í 10 ára afmælisrit félagsins. Ég hygg að þar megi finna ein fyrstu ummæli á Íslandi þar sem nefnd er útivistarskógrækt og lýðheilsa. Greinina má nálgast í heild sinni á vefnum okkar, kjarnaskogur.is, en ég læt þessa tilvitnun í Árna verða mín lokaorð.

„... því að einn góðviðrisdagur í skógi er meira virði andlega og líkamlega, en að það verði metið til fjár, að minnsta kosti fyrir þá, sem á mölinni búa, eða hafa mikla innivist og kyrrsetur.“



Ávarp formanns

— Sigríður Hrefna Pálsdóttir | stjorn@kjarnaskogur.is

Hver er sinnar gæfu smiður, segir máltækið. Margir smiðir hugsa þó langt út fyrir eigin gæfu og vilja gæfu öllum til handa, trúá því að öll eigi rétt á sömu lífsgæðum og séu tilbúin að leggja ýmislegt á sig til að berjast fyrir þessum lífsgæðum. Undanfarin ár hefur umræðan um sjálfböðastarf verið talsvert neikvæð. Það er erfiðara að ná til fólks, fólk gefur minna af tíma sínum í sjálfböðastarf. Mig langar að nota tækifærið í þessu fjórða ávarpi mínu sem formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga að vekja athygli á því mikla óeigingjarna starfi sem fer fram innan vébanda félagsins og annarra skógræktarfélaganna á landinu. Hrósa skal því sem vel er gert!

Ég er búin að vera í aðalstjórn félagsins í 5 ár og get viðurkennt að hugmyndir mínar um starf í þágu félagsins áður en ég gekk í stjórn voru allt aðrar en raunin hefur sýnt. Ég hélt að við í stjórn myndum skipuleggja vinnukvöld með félögum, gróðursetja tré, kvista upp stofna og sækja um styrki til ákveðinna verkefna. Það hefur lítið farið fyrir slíku þó vissulega séu haldnir nokkrir opnir viðburðir í skógum félagsins yfir árið til að kynna skógana, fræðast um sveppi, tálga í tré og margt fleira. Við höfum sótt um styrki í ótalmarga sjóði. Stundum er uppskorið en oftar ekki. Mín reynsla af stjórnarstarfi í þágu Skógræktarfélags Eyfirðinga er í mótsögn við umræðuna um sjálfböðastarf. Félagið er ríkt af mannauði og stjórnarfolk býður gjarnan fram krafta sína í meira en eitt tímabil og þannig byggist upp reynsla, þekking og samheldni. Stjórnarfolk og starfsfolk ver miklum hluta frítíma síns í þágu félagsins og þá í raun í þágu alls samfélagsins hér á svæðinu. Eftir stendur spurningin hvernig megi virkja betur félagsfolk sem vissulega býr um allt land en flest þó í Eyjafirði.

Stjórnin ásamt starfsfólki hefur markvisst unnið að því undanfarin 2–3 ár að auka samvinnu við sveitarfélögin fimm þar sem skógar félagsins vaxa og í dag er félagið með styrktar- eða þjónustusamninga við fjögur af fimm sveitarfélögum. Stjórn og starfsfolk hefur líka þurft að verja

miklum tíma í utanaðkomandi verkefni sem nauðsynlegt er að bregðast við en það þýðir að við höfum minni tíma í það sem við helst myndum vilja vinna að. Umsagnir um aðal- og deiliskipulag sveitarfélaganna sem skógar félagsins vaxa í hafa verið áberandi og fjölgað mikið síðasta árið. Einnig höfum við þurft að bregðast við nýjum kröfum landeigenda sem eiga land undir skógum félagsins, land sem félagið hefur umráðarétt yfir vegna skógræktarinnar. Samningar milli ólíkra aðila sem hafa ólíkra hagsmuna að gæta eru ekki einfaldir og hafa lítið skemmtigildi en þeim þarf þó að sinna og getur tekið ótrúlegan tíma. Öll þessi vinna er ósýnileg og tímafrek en mjög mikilvæg.

Skógræktarfélag Eyfirðinga er almannahagsmunafélag og á almannaheillaskrá og þarf að horfa til hagsmuna heildarinnar bæði í dag og til framtíðar. Skógrækt og trjárækt er almannahagsmunamál á svo margan hátt og í okkar harðbýla landi ætti okkur að vera ljóst mikilvægi skjólgjafa hvers konar til að gera tilveruna ögn bærilegri. Árlegir þjóðflutningar Íslendinga til Tenerife sýna að mannskepnan þráir betra loftslag og hærri lofthita og þó að skóglendi og tré í Eyjafirði muni seint búa til Miðjarðarhafsloftslag hljótum við að sjá skynsemina í því að reyna eins og við getum að draga úr vindstyrk á okkar vindbarða landi. Skjólíð og gróðurinn býr til aðstæður svo fólk fari frekar út að hreyfa sig, það hefur góð áhrif á bæði andlega og líkamlega heilsu okkar. Fyrir utan skjólíð er götummynd sem skreytt er tignarlegum trjám mun hlýlegri en þar sem steypa og malbikið eitt ræður ríkjum. Skógar og tré eru mikilvæg á svo margan hátt fyrir mannlíf og skógar og tré eru lýðheilsuáttal sem varðar okkur öll.

Við erum öll gæfu smiðir, okkar eigin og annarra. Veltum fyrir okkur þeirri gæfu sem sprottið hefur upp með þeim skógum sem Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur ræktað. – Ræktum skóg, gróðursetjum tré og hlúum að mannvænlegu samfélagi.



Starfsfólk Skógræktarfélags Eyfirðinga

Hjá Skógræktarfélaginu eru fjögur stöðugildi, þar af þrjú fastráðnir starfsmenn, þeir Ingólfur Jóhannsson framkvæmdastjóri, Bergsveinn Þórsson og Sigurður Ormur Aðalsteinsson auk tímastarfsfólks sem sín á milli deilir einu stöðugildi. Þá fyllist skógurinn lífi yfir sumartímam þegar ungmenni úr Vinnuskóla Akureyrarbæjar mæta til vinnu frá miðjum júní fram í ágúst. Þá býr Skógræktarfélagið vel að

góðu fólki sem er boðið og búið að aðstoða eftir þörfum og hleypur í nauðsynleg verk. Þar má nefna Skógarmenn sem mættu til grisjunar en einnig Þverárfeðga sem sinntu lagfæringum og vélavinnu og fleiri öðlinga sem öll eiga skilið hrós fyrir vel unna vinnu.



Aðalfundur 2023

Aðalfundur Skógræktarfélags Eyfirðinga árið 2023 var haldinn í Kjarna, félagsheimili Náttúruvæðingafélagsins, mánudaginn 8. maí 2023. Fundarstjóri var Valgerður Jónsdóttir og ritari Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir. Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir flutti erindið „Lýðheilsa og gróður og hið byggða umhverfi“ þar sem kom fram að gróður eykur lífsgæði þéttbýlisbúa. Erindið var flutt gegnum fjarfundabúnað.

Stjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga 2023–2024 var kosin á aðalfundi og er þannig skipuð:

Sigríður Hrefna Pálsdóttir formaður
Sigurður Arnarson varaformaður
Óli Þór Jónsson gjaldkeri
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir ritari
Jóhanna María Oddsdóttir meðstjórnandi
Una Þórey Sigurðardóttir meðstjórnandi
Alfa Jóhannsdóttir meðstjórnandi

Í varastjórn sitja:

Rebekka Kristín Garðarsdóttir
Sigurður Hólm Sæmundsson
Andrés Már Magnússon

Skoðunarmenn reikninga:

Steinunn Aðalbjarnardóttir
Freyja Rögnvaldsdóttir

Varaskoðunarmenn:

Tryggvi Marinósson
Vignir Sveinsson

Á aðalfundi voru einnig kosnir fjórir fulltrúar Skógræktarfélags Eyfirðinga til setu á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands sem haldinn var á Patreksfirði 1.-3. september 2023. Flest atkvæði fengu Ólafur B. Thoroddsen, Sigríður Hrefna Pálsdóttir, Ingólfur Jóhannsson og Bergsveinn Þórsson en til vara Rebekka Kristín Garðarsdóttir, Óli Þór Jónsson, Sigurður Ormur Aðalsteinsson, Vignir Sveinsson og Valgerður Jónsdóttir.

Til að Skógræktarfélag Eyfirðinga uppfylli skilyrði laga um almannaheillafélög voru nokkrar viðbætur við lög félagsins lagðar fram og síðan samþykktar. Þá samþykkti fundurinn að árgjald yrði óbreytt 5.000 krónur fyrir árið 2024. Anna Guðmundsdóttir lagði eftirfarandi ályktun fyrir fundinn: „Aðalfundur Skógræktarfélags Eyfirðinga haldinn þann 8. maí 2023 lýsir yfir fullu trausti á störfum stjórnar og framkvæmdastjóra hvað varðar framkvæmdir í Vaðlareit og hugsanlega samninga þar að lútandi. Fundurinn leggur áherslu á að hagsmunir almennings verði hafðir að leiðarljósi hvað varðar aðgengi að skógarreitum félagsins hér eftir sem hingað til.“ Ályktunin var samþykkt.

Í lok fundar kvaddi Ólafur B. Thoroddsen stjórnina og þakkaði samvinnuna en hann byrjaði í varastjórn árið 2004, gegndi einnig stöðu gjaldkera og var formaður árin 2015–2020. Framkvæmdastjóri félagsins þakkaði Ólafi vel unnin störf og færði honum nokkrar trjáplöntur frá félaginu.



Félagsstarf

Aðalfundur Skógræktarfélags Eyfirðinga fór fram 8. maí og var vel sóttur af félögum.

Styrktar- og þjónustusamningur við Svalbarðsstrandarhrepp

5. júní var undirritaður styrktar- og þjónustusamningur við Svalbarðsstrandarhrepp til tveggja ára. Félagið hefur unnið að því síðustu ár að efla tengslin við fulltrúa sveitarfélaganna þar sem skógar félagsins vaxa. Markmiðið er að efla samvinnu, hjálpast að við að bæta aðgengi og umhirðu í skógarreitun, auka þannig ánægju skógargesta og styðja við lýðheilsu og hreyfingu.

Vinnukvöld í Hánefsstaðareit

Blásið var til vinnukvölds í Hánefsstaðareit í Svarfaðardal þriðjudaginn 13. júní. Hátt í 20 félagar mættu og tóku til hendinni. Snyrt var með fram efri stígnum, hliðstólpar pússaðir og eitthvað af ónýtum trjám fellt. Málín voru svo rædd yfir ketilkaffibolla og drög lögð að framhaldi.

Líf í lundi í Leyningshólum

Skógræktarfélag á Íslandi standa fyrir viðburðum síðustu helgina í júní undir merkjum Lífs í lundi. Viðburður Skógræktarfélags Eyfirðinga var haldinn laugardaginn 25. júní í Leyningshólum. Bergsveinn og Brynhildur leiddu skógar- og pöddugöngu þar sem skordýragildra var vitjað og flottasti lerkiteigur Eyjafjarðar skoðaður. Að göngu lokinni var hægt að skoða pöddurnar úr Leyningshólum í víðsjá og Ingvar okkar Engilberts var með lítið tálgunámskeið fyrir börnin. Fótbolti var á staðnum og að sjálfsögðu djús, popp og ketilkaffi. Veðrið var gott og gæman með besta móti eða hátt í 100 manns. Það er gaman að segja frá því að myndin sem hreppti 1. sæti í ljósmyndakeppni Lífs í lundi 2023 var einmitt tekin í Leyningshólum og prýðir hún forsíðu ársskýrslunnar með leyfi ljósmyndarans, Jonasar Björk.



Styrktarsamningur við Dalvíkurbyggð

27. júní var undirritaður styrktarsamningur við Dalvíkurbæ til tveggja ára um Hánefsstaðarreit. Sá samningur er í anda annarra samninga sem áður höfðu verið gerðir við Svalbarðsstrandarhrepp (2023, sjá hér fyrir ofan) og Eyjafjarðarsveit (2022).

Spariskógardagurinn

7. ágúst var spariskógardagurinn í Kjarnaskógi þar sem var boðið upp á margs konar skógarupplifun eins og ketilkaffi, popp, tálgun, sveppafræðslu, sögustund og tónlist. Erfitt er að henda reiður á hversu mörg mæta á þennan dagslanga viðburð því hann fer fram á mismunandi stöðum um allan skóg. Þó má gróflega álykta að um annað þúsund manns sæki hann.



Vinnukvöld í Vaðlareit

Efnt var til annars vinnukvölds meðal félagsmanna fimmtudagskvöldið 17. ágúst. Fjórtán vaskir skógræktarfélagar mættu til leiks og snyrtu, söguðu og stöfluðu. Törninn endaði svo á hressingu í Sparilundinum.



Sveppaganga í Böggviðsstaðaskógi

Miðvikudaginn 6. september hélt Skógræktarfélag Eyfirðinga sína árlegu sveppagöngu og að þessu sinni var sveppa leitað í útivistarskógi Dalvíkinga ofan við bæinn. Að venju sá Guðríður Gyða sveppafræðingur um fræðslu og greindi þá sveppi sem fundust. Matsveppirnir voru verkaðir og eldaðir á staðnum auk þess sem boðið var upp á ketilkaffi og djús. Rúmlega 30 manns á öllum aldri mættu í gönguna og allir fóru glaðir heim, mun fróðari um sveppi.

Íþróttavika Evrópu

Félagið tók þátt í Íþróttaviku Evrópu að tilstuðlan Íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar. Framlag félagsins voru þrjár skógargöngur í þremur mismunandi skógum í Eyjafjarðarsveit. Laugardaginn 23. september var skógarganga í Botnsreit, þriðjudaginn 26. september var núvitundarganga í Garðsárreit fyrir myrkur og fimmtudaginn 28. september var vasaljósaganga eftir myrkur í Reykhúsaskógi. Eftir hverja göngu var boðið upp á ketilkaffi og kakó. Samtals sótti hátt í 60 manns þessa viðburði.



Pistlar um tré vikunnar

Á vef félagsins, kjarnaskogur.is er flipi sem merktur er „Fróðleiksmolar“. Undir honum eru fyrst og fremst pistlar sem við birtum einnig á Facebook-síðu félagsins og kallast „Tré vikunnar“. Á árinu 2023 birtum við 52 pistla eða einn á viku. Að jafnaði birtum við pistlana á miðvikudögum. Af þeim skrifaði Sigurður Arnarson bróðurpartinn, Sigríður Hrefna Pálsdóttir og Arnbjörg Konráðsdóttir sinn pistilinn hvor og Helgi Þórsson þrjá. Margir fleiri hafa þó lagt hönd á plóg. Pistlarnir reyndust misjafnlega vinsælir eins og gengur og gerist og var einn þeirra til dæmis opnaður sjaldnar en 100 sinnum og tveir oftari en 700 sinnum. Sextán pistlar voru opnaðir oftari en 300 sinnum hver og samtals

voru pistlar ársins opnaðir 16.800 sinnum. Við fögnum þessum áhuga og þökkum öllum sem veitt hafa okkur upplýsingar, stungið upp á efni og hvatt okkur áfram því án ykkar yrðu engir pistlar til.

Jólaball

17. desember er haldið jólaball á Birkivelli í Kjarnaskógi. Þar koma jólasveinar, dansað er í kringum jólatréð og boðið er upp á kakó og ketilkaffi. Um 400 manns mæta á þessa hátíð, bæði börn og fullorðnir.



Skógarafurðir og framkvæmdir


Jól

Eitt af fjölmörgum verkefnum Skógræktarfélagssins er að selja jólatré. Gróflega má skipta þeirri starfsemi í tvennt. Annars vegar er það sala á aðventu- og tröpputrjám og hins vegar sala á hefðbundnum jólatrjám til almennings. Aðventutré eru um 2 – 2,5 metra há tré sem eru sett í heimatilbúinn kassa og ýmist seld með eða án ljósaseríu. Tröpputré eru hins vegar 1–1,5 metra há tré sem fest eru í viðardrumb og sömuleiðis seld annað hvort með eða án


ljósaseríu. Öll þessi tré eru færð kaupendum og svo sótt aftur eftir jól svo hægt sé að nota seríur, kassa og drumba aftur um næstu jól. Kaupendur eru ýmist fyrirtæki eða einstaklingar sem vilja hafa jólatré fyrir utan hjá sér. Þessi vertíð hefst í byrjun nóvember og stendur fram í byrjun desember. Trén eru svo vanalega sótt seinnipart janúar. Sala á þessum trjám hefur alltaf verið heldur að aukast ár frá ári.




Hvaðan koma trén



Skipting milli tegunda



Hvað og hvar er selt




Hefðbundin jólatrjáasala hefst í byrjun desember og er selt allt fram til Þorláksmessu. Auk jólatrjáa eru seldar greinar og ýmislegt smálegt eins og plattar, kertastjakar, könglar og fleira. Mest er selt af stafafuru og þar á eftir rauðgreni og blágreni en einnig nokkuð af lindifuru og fjallaþin.

Farnar voru nokkrar ferðir í Naustaborgir, Miðhálsstaði og á Laugaland en fyrstu trén voru höggvin 25. október. Alls felldi Skógræktarfélag Eyfirðinga 310 tré sem fóru bæði í aðventu- og tröpputré og svo líka í almenna sölu. Aðkeypt

tré voru 708 og komu þau frá 11 aðilum á Norður- og Austurlandi. Tré voru að berast til okkar frá 1. nóvember til 20. desember.

Á Laugalandi á Þelamörk er almenningi boðið að koma og höggva eigið jólatré gegn vægu gjaldi. Stjórnarfolk Skógræktarfélagins hefur séð um þessa sölu. Hún fer fram tvær helgar í desember og fyrir jólin 2023 voru seld um 150 tré. Jólatréssalan er mikilvæg fjáröflun fyrir félagið og er auk þess góð til þess að vekja athygli á Skógræktarfélaginu.





Eldiviður

Þá fór töluverð vinna í að útbúa eldivið og var afraksturinn um 1.000 pokar af eldiviði sem samanstendur af bæði birki og barrvið. Gróflega reiknað samsvarar sá tími sem slík framleiðsla tekur um tveggja mánaða vinnu.

Fletting

Tekin var í notkun ný flettisög um miðjan febrúar og nú er mun auðveldara að saga en áður. Samkvæmt skráningu var sagað í 250 tíma en talsvert af því sagaða efni var notað í girðingar og brú á Kjarnavelli. Einnig var flett í brýr á hjólastíg, flett fyrir Hlíðarfjall auk ýmissa smærri verkefna.

Skíðaspor

Skíðavertiðin stjórnast af snjóalögum. Það byrjaði að snjóa um miðjan desember 2022 og til að byrja með var bara troðið með vélsleðanum fram til 7. janúar þegar nýi troðarinn okkar var tilbúinn til notkunar, en hans hafði verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Hann er algjör bylting í allri troðslu í skóginum bæði fyrir skíðagöngufólk og gangandi vegfarendur. Snjótroðarinn nýttist líka strax vel og var troðið flesta daga frá janúar til loka mars, á meðan snjór og veður leyfði.

Framkvæmdir og viðhald

Verkefni Skógræktarfélagins eru fjölbreytt og margvísleg og vinnur starfsfólk SE hörðum höndum að því að sinna öllum okkar svæðum. Þar má til dæmis nefna

smábarnaleiksvæðið okkar á Kjarnavelli í Kjarnaskógi en þar voru settar upp girðingar úr lerki ásamt því að smíðuð var ný brú, hugsað vel um svæðið og það snyrt vel til. Unnið var að öðrum minni framkvæmdum þar sem má nefna sleðabrekkuna okkar góðu, akstursfæra slóð í gegnum hátíðarsvæðið, breikkun stíga og skíðagönguleiða. Mynd af smábarnaleiksvæði/skíðabrekku

Þá þarf einnig að huga að aðgengi þeirra fjölmörgu sem sækja Kjarnaskóg heim og var því lögð vinna í að huga að bílastæðum, léttleiðum og að öðru sem snýr að viðhaldi og umhirðu.

Grisjun er auðvitað stór hluti af skógrækt og er starf Skógræktarfélag Eyfirðinga þar engin undantekning. Má þar nefna sem dæmi að grisjað var við Rómantískarjöldur í Kjarnaskógi og greniteigur neðan Birkivallar. Töluvert var um brotin tré þarna eftir mikið óveður sem gerði árið 2019.

Það er óhætt að segja að verkefni séu mörg og tímar sólarhringsins fullfáir, en einhvern veginn gengur þetta allt. Á milli stórra verkefna hefur starfsfólk SE fundið tíma til að sinna því að saga frá trimmbrautum, saga frá stígum, hreinsa greinar, kurla í stíga, mála borð og ruslatunnur, slá grasfleti, tína rusl, sinna öðru viðhaldi og svo mætti lengi telja.

Ekki má gleyma að Skógræktarfélagið sinnir fleiri reitum en Kjarnaskógi og þar hefur verið slegið, gróðursett, grisjað, endurnýjaðar girðingar og öðru nauðsynlegu viðhaldi sinnt.





Skógræktarfélag Eyfirðinga á almannaheillaskrá

Stjórn félagsins vann að því á árinu að koma Skógræktarfélagi Eyfirðinga á almannaheillaskrá sem þýðir að styrkir til félagsins skapa rétt til skattfrádráttar hjá gefanda. Breytingar á lögum félagsins sem samþykktar voru á aðalfundi 2023 voru liður í að styrkja umsókn félagsins. Umsóknin var samþykkt og félagið komst á almannaheillaskrá í október.

Þeir sem vilja styrkja félagið geta millifært á 0302-26-193000, kennitala 600269-4299 og setja "Styrkur" í skýringu.

Félagið skilar svo gögnum um styrki til skattsins og á grundvelli gagnaskilanna verður frádráttur áritaður á framtal gefenda. Frádráttur einstaklinga getur verið á bilinu 10 – 350 þús. kr. á almanaksári, hjóna og sambúðarfólks alls 700 þús. kr. og kemur til lækkunar á útsvars- og tekjuskattsstofni en er ekki millifæranlegur og ber því að halda framlögum hvers einstaklings aðgreindum.



Rekstrarreikningur 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur:			
Seldar vörur og þjónusta	1	39.250.257	31.315.403
Styrkir og árgjöld	1	34.757.064	28.581.262
Aðrar tekjur	1	3.613.612	14.643.981
Rekstrartekjur alls:		77.620.933	74.540.646
Rekstrargjöld:			
Vörunotkun.....	2	6.017.927	4.254.104
Laun og launatengd gjöld	2	37.011.453	27.814.446
Aðkeypt þjónusta og verktakavinna.....	3	3.943.428	460.940
Annar rekstrarkostnaður	4	18.414.313	27.601.492
Afskriftir	5	8.278.981	9.081.460
Rekstrargjöld alls:		73.666.102	69.212.442
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		3.954.831	5.328.204
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og verðbætur	6	790.132	681.853
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	7	(133.279)	(247.463)
Afdreginn fjármagnstekjuskattur		(148.854)	(150.008)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) alls:		507.999	284.382
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi		4.462.830	5.612.586
Óreglulegar tekjur:			
Tap af sölu eigna		(280.610)	0
Framlög vegna snjótroðara		0	31.617.451
		(280.610)	31.617.451
Hagnaður (tap) ársins		4.182.220	37.230.037

Efnahagsreikningur

31.12. 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Fastafjármunir:			
Fasteign.....	8	9.299.195	9.506.656
Háls.....	8	562.800	562.800
Björk.....	8	228.000	228.000
Hánefsstaðir.....	8	1.330.000	1.330.000
Bífreið, tæki og áhöld.....	8	32.179.986	37.816.331
Fastafjármunir alls:		43.599.981	49.443.787
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir.....		1.000.000	1.000.000
Skammtímakröfur.....	11	20.212.660	18.978.283
Handbært fé.....	13	30.984.455	15.757.927
Veltufjármunir alls:		52.197.115	35.736.210
Eignir samtals		95.797.096	85.179.997

	Skýr.	2023	2022
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé 01.01.		61.952.452	24.722.415
Hagnaður (tap) ársins.....		4.182.220	37.230.037
Eigið fé alls:		66.134.672	61.952.452
Skammtímaskuldir:			
Ýmsar skuldir	15	10.913.994	10.913.994
Viðskiptaskuldir	16	11.896.079	10.125.438
Ógreitt vegna starfsfólks	17	4.023.295	2.286.997
Virðisaukaskattur	18	2.541.440	(386.258)
Skammtímaskuldir.....	19	287.616	287.374
Skammtímaskuldir alls:		29.662.424	23.227.545
Skuldir alls		29.662.424	23.227.545
Skuldir og eigið fé samtals		95.797.096	85.179.997







Þrjátíu ár frá upphafi skógræktar á Hálsi

Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur verið með ríkisjörðina Háls í Eyjafjarðarsveit á leigu frá árinu 1993, en árið 1992 lagðist þar af hefðbundinn búskapur. Jörðin þótti ekki sérlega vel fallin til búskapar en fyrstu framkvæmdir fólu í sér að endurgirða allt landið og hefjast handa við skógræktarskipulag og skiptingu svæðisins í ræktunarspildur. Hugmyndin var sú að félagsfólk gæti leigt sér spildu, hefði frelsi til ræktunar á sínum reit en gæti leitað eftir leiðbeiningum til félagsins ef það vildi. Fyrstu plönturnar voru gróðursettar árið 1994 og fljótlega var ljóst að eftirspurn eftir reitum var meiri en framboð. Því var bætt við fleiri spildum 1997 og aftur árið 2000.

Fjölgun á leigureitum á Hálsi dugði ekki lengi vegna mikillar eftirspurnar félagsfólks. Því var aftur leitað til landbúnaðarráðuneytisins eftir meira landi til skógræktar á nágrennaríkisjörðinni og kirkjujörðinni Saurbæ. Var samningur þess efnis undirritaður árið 2005 um hluta úr jörðinni.

Í dag, 30 árum eftir að fyrstu plönturnar voru gróðursettar á Hálsi, er þar að finna ungskóg, en ræktun hefur gengið vel og þar hefur nú vaxið myndarlegur og fjölbreytilegur skógur. Mikið var gróðursett á fyrstu árunum og enn er fólk að vinna í reitum sínum. Sum hafa flutt og sagt upp reitum sínum á meðan önnur láta ekki flutning milli landshluta stoppa sig en koma langar leiðir til að heimsækja unaðsreitinn sinn. Hátt í sextíu reitir eru í útleigu í dag og ríflega tuttugu á lausu. Hægt er að hafa samband í gegnum stjorn@kjarnaskogur.is hafi fólk áhuga og vilji fá nánari upplýsingar en skilyrði er að leigutaki sé skráður í Skógræktarfélag Eyfirðinga. Hægt er að skrá sig í félagið á kjarnaskogur.is.

Skógrækt á Hálsi verður gert hátt undir höfði í ár vegna 30 ára ræktunarafmælisins. Félagið mun stofna til viðburða, vera með fræðslu og kynna 30 ára skógræktarsögu svæðisins.